

RARIK hf  
Árni Grétar Árnason  
Bíldshöfða 9  
110 Reykjavík



Reykjavík, 2. júlí 2013  
Tilvísun: UST20130600034/bk

### **Efni: Lagning jarðstrengja við Mývatn.**

Umhverfisstofnun hefur farið yfir erindi Árna Grétars Árnasonar fyrir hönd RARIK sem barst Umhverfisstofnun í tölvupósti 5. júní 2013 og meðfylgjandi gögn. Svæði það sem um ræðir fellur að mestu leiti undir gildissvið laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og á svæðinu eru jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar sbr. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Umhverfisstofnun mun hér á eftir gera grein fyrir afstöðu sinni út frá þessum atriðum.

Lög nr. 97/2004

Í 2. mgr. 3. gr. laganna segir: Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.

Í aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 segir.

#### **6.5.5. Rafveita.**


„Miðað er við að jarðstrengir liggja að mestu meðfram vegum (neðst í vegfláa) og stígum eða um raskað land. Gert er ráð fyrir að jarðstrengir leysi loftlínur af hólmi við raforkudreifingu. Í vissum tilvikum geta loftlínur áfram komið til álita s.s. þar sem farið er um nútímahraun og niðurgrafin lögn hefði í för með sér óafturkræft jarðrask“.

Í ljósi þess að framkvæmdin er að mestum hluta í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag þar sem tekið var tillit til athugasemda Umhverfisstofnunar, telur Umhverfisstofnun ekki að stofnunin þurfi að veita sérstakt leyfi á grundvelli þessara laga að svo miklu leiti sem gert sé ráð fyrir að strengurinn sé meðfram vegum (neðst í vegfláa) og á stígum eða um raskað land. Séu hlutar framkvæmdarinnar utan þess svæðis óskar Umhverfisstofnun eftir frekari gögnum um legu strengjarins.

Umhverfisstofnun vill benda á að skv. 17. gr. reglugerðar nr. 665/1012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands um þær leyfisumsóknir. Einnig skal leita umsagnar umráðamanna landareigna sem ekki eru í ríkiseigu. Umsækjanda um leyfi ber að beiðni Umhverfisstofnunar að afhenda öll nauðsynleg gögn við meðferð leyfisumsóknar. Heimilt er að setja nánari skilyrði í útgefnu leyfi til að tryggja að verndargildi svæðisins verði ekki stefnt í hættu.

Umhverfisstofnun óskar því eftir nákvæmum gögnum um fyrirhugaða legu rafstrengs á því svæði þar sem lögnin er ekki í samræmi við aðalskipulag Skútustaðahrepps.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri



Bergþóra Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur

